

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2024
E-2024-057/00.11

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS2-kerfið)

Vísað er til máls S-24/2024 sem auglýst er til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða seinni hluta innleiðingar íslenskra stjórnvalda á tilskipun ESB 2023/959 sem fjallar um ETS2 kerfið.

Hér er um að ræða nýtt viðskiptakerfi með það að markmiði að ná fram samdrætti í losun og nær kerfið utan um losun vegna bruna á jarðefnaeldsneyti frá byggingum, vegasamgöngum og smærri iðnaði. Nýtt viðskiptakerfi ETS2 verður rekið samhliða ETS kerfinu. Landsvirkjun fagnar þessum áformum og telur innleiðingu tilskipunarinnar í heild sinni jákvæða.

Innleiðing tilskipunarinnar er skýrt merki um vilja stjórnvalda til að stuðla að auknum samdrætti í losun vegna bruna á jarðefnaeldsneyti með það að markmiði að stuðla að kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum á Íslandi. Líkt og tiltekið er í frummati á áhrifum málsins er losun vegna bruna á jarðefnaeldsneyti stærsta uppspretta losunar sem fellur undir flokk samfélagslosunar. Landsvirkjun lýsir yfir stuðningi við þessa áherslu stjórnvalda.

Á þessari vegferð er mikilvægt að stjórnvöld hugi áfram að réttum hvötum fyrir ólíkar atvinnugreinar og að þeir séu rétt stilltir. Landsvirkjun hefur áður bent á að eðlilegt væri að auknar tekjur ríkisins, vegna losunarheimilda og kolefnisgjalda, verði notaðar í heild eða hluta til að styðja við loftslagsmarkmið Íslands. Þetta mætti til dæmis útfæra í gegnum úthlutanir Orkusjóðs.

Virðingarfyllt,
Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni